



HREINSISTÖÐ VIÐ GEITANES

Skipulags- og matslýsing fyrir:

Breytingu á Aðalskipulagi Árborgar 2010-2030

Deiliskipulag fyrir hreinsistöð

23.07.2020



SKIPULAGSLÝSING – UPPLÝSINGABLAÐ

SKJALALYKILL

2839-127-SKY-001-V01

SKÝRSLUNÚMÉR / SÍÐUFJÖLDI

1/22

VERKEFNISSTJÓRI / FULLTRÚI VERKKAUPA

Sigurður Andrés Þorvarðsson

VERKEFNISSTJÓRI EFLA

Anne B. Hansen

TITILL SKÝRSLU

Hreinsistöð við Geitanes. Skipulags- og matslýsing

VERKHEITI

Hreinsistöð - deiliskipulag

VERKKAUPI

Sveitarfélagið Árborg

HÖFUNDUR

Anna Bragadóttir, Snævarr Örn Georgsson, Anne B. Hansen, Ásgeir Jónsson

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	7
1.1	Skipulagslýsing	7
2	MARKMIÐ	8
3	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	8
3.1	Skipulagssvæðið	9
3.2	Náttúrfar	10
4	FYRIRLIGGJANDI STEFNUMÖRKUN	11
4.1	Landsskipulagsstefna	11
4.2	Aðalskipulag Árborgar 2010-2030	12
4.3	Umhverfisstefna Sveitarfélagsins Árborgar	13
5	BREYTING SKIPULAGS	14
5.1	Fyrirhugað breyting á Aðalskipulagi Árborgar 2010-2030	14
5.2	Fyrirhugað deiliskipulag	15
6	UMHVERFISSKÝRSLA. MATSLÝSING	17
7	KYNNING OG SAMRÁÐ	20
7.1	Umsagnaraðilar	20
8	SKIPULAGSFERLI	21
9	HEIMILDARSKRÁ	22

1 INNGANGUR

Sveitarfélagið Árborg áformar að reisa hreinsistöð fyrir fráveitu við Geitanes norðan við flugvöllinn á Selfossi. Markmið framkvæmdarinnar er að koma á hreinsun skólps frá Selfossi sem uppfyllir skilyrði laga og reglugerða, en í dag er skólp að mestu losað óhreinsað í Ölfusá.

Hér á eftir fer skipulagslýsing fyrir breytingu á Aðalskipulagi Árborgar 2010-2030 og fyrir nýtt deiliskipulag ásamt matslýsingu til samráðs um umfang og nákvæmni upplýsinga í umhverfisskýrslu.

Fyrirhugað breyting á aðalskipulagi felur í sér að iðnaðarsvæðið **s30** við Geitanes stækkar til vesturs og opið svæði til sérstakra nota **ú2** minnkar að sama skapi. Settir verða skilmálar fyrir tveggja þrepa hreinsistöð með útrás í Ölfusá.

Fyrirhugað deiliskipulag mun taka til aðkomu að lóð hreinsistöðvarinnar, lóðarinnar sjálfar og nærumhverfi eftir því sem þörf krefur m.a. vegna útrásar í Ölfusá. Í deiliskipulaginu verður gert grein fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum og settir fram skilmálar um landnotkun, mannvirki, útrás, vernd náttúru og frágang.

1.1 Skipulagslýsing

Gerð skipulagslýsingar er ætlað að tryggja aðkomu almennings og hagsmunaaðila að skipulagsferlinu á fyrstu stigum þess, auka gagnsæi, tryggja betra upplýsingaflæði, skila betri og markvissari skipulagsvinnu og gefa sveitarstjórn og öðrum sem koma að ferlinu betri yfirsýn allt frá fyrstu skrefum.

Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefni. Í lýsingu skal koma fram hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við aðalskipulagsgerðina, upplýsingar um forsendur, fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum. Samkvæmt 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga skal sveitarstjórn einnig taka saman lýsingu við deiliskipulagsgerð þar sem gerð er grein fyrir áherslum sveitarstjórnar við deiliskipulagsgerðina, forsendum og fyrirliggjandi stefnu. Leita skal umsagnar um lýsingu hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynna hana fyrir almenningi.

Í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 eru tilgreindar þær framkvæmdir sem ávallt skulu háðar mati á umhverfisáhrifum. Samkvæmt tölulíð 11.04 í 1. viðauka laganna eru skólphreinsivirki frá íbúðabyggð eða iðnaði, þ.m.t. stöðvum með þaulnýtnum landbúnaði með afkastagetu sem svarar til 50.000 persónueininga eða meira, ávallt háð mati á umhverfisáhrifum. Miðað er við að hver persónueining svari til 60 g BOD₅ á dag, skv. reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999. Þar sem fjöldi persónueininga í því skólpi sem hér um ræðir hefur í sumum tilfellum verið að mælast yfir þessum

mörkum telst framkvæmdin matsskyld. Framkvæmdin fellur í flokk A sem er háð mati á umhverfisáhrifum.

Þar sem framkvæmdin er háð mati á umhverfisáhrifum skv. 3.02 tl. í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, er hér einnig sett fram matslýsing og er hún unnin skv. 2. mgr. 6. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og fjallar um umfang og nákvæmni upplýsinga í umhverfisskýrslu.

Samkvæmt gr. 4.2.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 skal sameina gerð skipulagslýsingar og matslýsingar þegar það á við.


Með skipulags- og matslýsingu þessari er íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir sem snúa að málefnum deiliskipulagsins og aðalskipulagsbreytingarinnar.

2 MARKMIÐ

Í dag er skólp sem kemur frá Selfossi að mestu losað óhreinsað í Ölfusá. Meginmarkmið framkvæmdarinnar er að koma á hreinsun skólps frá byggðinni á Selfossi sem uppfyllir örugglega skilyrði laga og reglugerða samhliða því að vernda almenning og umhverfið gegn mengun af völdum fráveitu frá Selfossi.

3 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Í aðalskipulagi Árborgar 2005-2010 var gert ráð fyrir hreinsistöð á lóð, sem var að hluta til í eigu einkaaðila. Með aðalskipulagsbreytingu 2008 var svæðið fært til austurs inn á land í eigu sveitarfélagsins. Nú er landið komið í eigu sveitarfélagsins og fyrirhuguð hreinsistöð austan Geitaness verður á lóð sem stofnuð verður í landi Eyði-Merkur, landnr. 194375, í Árborg. Samhliða færslu stöðvarinnar, hafa verið gerðar ákveðnar breytingar, m.a. til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar en framkvæmdin hefur farið í gegn um mat á umhverfisáhrifum.



MYND 1 Aðalskipulag Árborgar 2005-2025



MYND 2 Aðalskipulag Árborgar 2010-2030

3.1 Skipulagssvæðið

Svæðið er við bakka Ölfusár vestan Selfosbyggðar og austan Geitaness. Selfosflugvöllur er sunnan svæðisins.

Lóðin þar sem hreinsistöð er fyrirhuguð er að mestu leyti raskað svæði. Hreinsistöðin sjálf mun standa á röskuðum hraunkanti. Aðkoma að svæðinu er frá götunni Hagalæk um núverandi veg.



MYND 3 Yfirlitsmynd sem sýnir staðsetningu fyrirhugaðrar breytingar (©Map.is).


3.2 Náttúrfar

Svæðið er ekki á náttúruminjaskrá en er skilgreint hjá Náttúrufræðistofnun Íslands sem mikilvægt fuglasvæði vegna votlendis, líkt og stærsti hluti Suðurlands. Vistgerðir svæðisins eru hraungambravist L5.3, lyngmóavist á láglendi L10.8, flagmóavist L10.2, grasmóavist L10.4, mosmóavist L10.1 og mosamelavist L1.3 (mynd 2). Allar, nema grasmóavistin, eru með lágt eða miðlungs verndargildi og eru útbreiddar um allt land. Grasmóavist er með hátt verndargildi og er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Vistgerðin er útbreidd á landsvísu.

Samkvæmt kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands yfir sérstaka vernd náttúruvirkbæra er á svæðinu 1,4 ha tjörn (mynd 3) en skv. lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd 1. mgr. 61. gr. njóta stöðuvötn og tjarnir stærri en 1 ha sérstakrar verndar.



MYND 4 Vistgerðarkort. (NÍ 2018)



MYND 4 Sérstök vernd vistkerfa og jarðminja. (NÍ 2018)

Tjörninn myndaðist með uppfyllingu sem gerð var á árunum 2000 til 2006 og er því ekki um náttúrulegt fyrirbrigði að ræða.

Vistgerðar- og verndarkort NÍ, eru góð yfirlitsgögn, unnin fyrir mælikvarða 1:25.000 til 1:50.000 og því ber að hafa nákvæmi gagna í huga þegar þau eru metin fyrir deiliskipulag, sem eru í mun nákvæmari kvarða.


Ölfusá sjálf er um 25 km löng, myndast þar sem Hvítá og Sogið koma saman skammt ofan Selfoss. Þar sem tært lindarvatn Sogsins blandast við jökulvatn Hvítár verður áin oft lituð vegna aurburðar. Ölfusá er vatnsmesta á landsins með meðalrennsli yfir 400 m³/s en meðalrennsli við Selfoss er um 373 m³/s og vatnasvið Ölfusár er um 6.100 km². Skammt frá Ölfusárbrú rennur megnið af ánni í djúpri straumharðri gjá og mætir þverhníptu bergi neðan við Selfosskirkju. Við Selfoss er árfarvegurinn um 250 metra breiður og 15 metrar á dýpt. Þegar nær dregur sjó breiðir áin úr sér. Ósasvæði árinna er um 5 km á breidd og myndast þar allmikið ós áður en áin rennur í Norður Atlantshafið, vestan Eyrarbakka.

Á vatnasviði Ölfusár lifa allar tegundir laxfiska sem finnast í fersku vatni hér á landi. Lax er ríkjandi tegund en jafnframt er þar að finna urriða og bleikju.

Í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ eru kröfur til hreinsunar að nokkru tengdar hæfni viðtakans til þess að taka við skólpi. Það er gert með því að gera mismunandi kröfur til hreinsunar skólps frá þéttbýli eftir því hvort viðtakinn er viðkvæmur, venjulegur eða síður viðkvæmur. Almenna krafan um hreinsun gildir fyrir venjulega viðtaka og er krafa um tveggja þrepa hreinsun. Í samantekt Umhverfistofnunar frá árinu 2017 um stöðu fráveitumála kemur m.a. fram að viðtakinn Ölfusá sé venjulegur viðtaki. Venjulegur viðtaki af þessu tagi getur hvort heldur sem er verið í ferskvatni eða sjó. Venjulegur viðtaki er viðkvæmari fyrir mengun af völdum lífrænna efna en síður viðkvæmur viðtaki. Hann er aftur á móti ekki viðkvæmur fyrir næringarefnum og fellur því ekki í flokk viðkvæmra svæða/viðtaka.

Sveitarfélagið mun koma seyrú í viðurkenndan farveg sem samræmist gildandi lögum og reglugerð um fráveitur og skólþ og reglugerð um meðhöndlun seyrú. Á þessu stigi hefur ekki verið tekin ákvörðun um hvaða leið verður farin, þ.e. hvort hún verði notuð til gasframleiðslu eða uppgræðslu eða fargað á viðurkenndri förgunarstöð.

Við hreinsun skólps, getur myndast lykt. Almennt er lyktarmengun frá hreinsistöðvum mest í hægviðri en vindur og landslag ráða mestu um dreifingu lyktar frá upprunastað. Norðaustanáttir er ríkjandi á Selfossi, en í þeim berst loft við hreinsistöðina frá meginbyggðinni á Selfossi. Um 600 m verða í næsta íbúðarsvæði á Selfossi og rúmar 1 km að íbúðarhúsum að Litlu-Sandvík og Kotferju, sem eru næstu byggðar jarðir.



MYND 6 Vindrós vestan Selfoss, (Veðurstofa Íslands)

4 FYRIRLIGGJANDI STEFNUMÖRKUN

4.1 Landsskipulagsstefna

Í landsskipulagsstefnu 2015-2026 er sett fram stefna um að við skipulagsgerð sveitarfélaga verði stuðlað að heilnæmi umhverfis með viðeigandi ráðstöfunum varðandi m.a. vatnsvernd og fráveitu. Áhersla er lögð á umhverfisvænar lausnir. Þá er tekið fram að huga þurfi að áhrifum fráveitu frá landi á vistfræði strandsvæða.

Framkvæmdin er talin samræmast vel landskipulagsstefnunni, enda er markmið framkvæmdarinnar að vernda almenning og umhverfið gegn mengun.

4.2 Aðalskipulag Árborgar 2010-2030

Í gildandi aðalskipulagi Árborgarar 2010-2030 er fjallað um fráveitu á Selfossi á bls. 51-52: „Búið er að sameina allar útrásir sunnan Ölfusár í eina útrás, sem staðsett er vestan byggðar og neðan flugvallar. Við þessa útrás er gert ráð fyrir hreinsun og dælustöð þar sem fráveituvatni verði dælt áfram í fyrirhugaða útrás vestan Geitaness. Land er tekið frá þar sem hægt verður að hreinsa fráveituvatn. Ekki er endanlega búið að taka ákvörðun um umfang hreinsunar, hvorki hvaða aðferð verður notuð eða tímasetning hreinsunar. Norðan Ölfusár eru þrjár útrásir sem samkvæmt núverandi áætlun verða sameinaðar og dælt yfir Ölfusá í safnræsi á suðurbakka árinna. Ekki er búið að ákveða gerð og legu þeirra lagna og verður aðalskipulagi breytt þegar sú ákvörðun liggur fyrir.“

Í almennri umfjöllun um fráveitur í sveitarfélaginu (bls. 52) kemur einnig fram að „...unnið er að framtíðarlausnum í fráveitumálum sveitarfélagsins, sbr. reglugerð 798/1999 um fráveitur og skólp. Stefnt er að því að hreinsa allt skólp áður en því er veitt í viðtaka. Eldri útrásir verða sameinaðar í eina útrás í hreinsi- og dælistöðvar sem verða reistar við hvern þéttbýlisstað. Í byrjun verður um síun grófra efna úr skólpinu að ræða en pláss verður tekið frá fyrir lífræna hreinsun.“ Enn fremur er tekið fram að: „Unnið er að því að öllu frárennsli og skólpi frá íbúum og fyrirtækjum Árborgar sé fundinn viðunandi farvegur. Með þessu verki tryggjum við hreinni ár, árbakka, sjó og fjörur og stuðlum að bættu og enn meira aðlaðandi umhverfi í Árborg. Hreinar fjörur munu laða að sér fleira fólk og svæðið í heild sinni fær hlýlegri ásýnd.“



MYND 7. Gildandi Aðalskipulag Árborgar 2010-2028. Áætluð breyting verður innan rauða rammans.

Skipulagssvæðið er innan þéttbýlismarka en útrás um Geitanes nær út fyrir þéttbýlismörk. Iðnaðarsvæði **s30** er skilgreint sem dælu- og hreinsistöð. Svæðið þar vestan við er opið svæði til sérstakra nota **ú2** og skilgreint sem útivistarsvæði. Meðfram bökkum Ölfusár er gert ráð fyrir göngu- og hjólastíg frá Geitanesi sem tengist göngu- og hjólastígakerfi sveitarfélagsins. Svæðið er í aðalskipulagi skilgreint sem efnislosunarsvæði **a1** og var efni keyrt á svæðið til ársins 2006. Heimild til efnislosunar er fullnýtt. Svæðið er á mögulegu flóðasvæði Ölfusár.

4.3 Umhverfisstefna Sveitarfélagsins Árborgar

Í umhverfisstefnu sveitarfélagsins, dags. 8. Júní 2020, er fjallað um úrgang í kafla 6:

„Sveitarfélagið Árborg verði í fararbroddi meðal íslenskra sveitarfélaga í úrgangsforvörnum og bætt nýting auðlinda verði markmið í allri ákvarðanatöku um meðhöndlun úrgangs“.

Markmiðið er meðal annars að ná fullnægjandi hreinsun skólps og kemur fram í köflum 6.2.2 til 6.2.4.:

„AÐGERDIR:

- **Bygging tveggja þrepa hreinsistöðvar við Selfoss**

Sett verði upp tveggja þrepa hreinsistöð við Sandvík sem taki við öllu skólpi frá byggðinni á Selfossi og veiti því út í meginstraum Geitanesflúða að hreinsun lokinni. Framkvæmdir við verkið hefjist á árinu 2021 þegar tilskilin leyfi liggja fyrir að fenginni niðurstöðu umhverfismats og þegar deiliskipulag hefur verið samþykkt. Í framhaldinu verður unnið í framtíðar fráveitulausnum á Stokkseyri og Eyrarbakka.

Tengsl við sjálfbærnimarkmið SP: 6, 11, 13 og 14

Ábyrgð: Sveitarstjórn og umhverfisnefnd

Tímasetning: Verklok fyrir árslok 2024

- **Endurnýting seyru**

Allri seyru sem til fellur í sveitarfélaginu verði komið í endurnýtingu, svo sem í landgræðslu, jarðgerð eða gasframleiðslu. Þetta á bæði við um seyru frá rotþróum og frá nýrri tveggja þrepa hreinsistöð við Sandvík.

Tengsl við sjálfbærnimarkmið SP: 11, 13 og 15

Ábyrgð: Sveitarstjórn og umhverfisnefnd

Tímasetning:

Öll seyra frá rotþróum endurnýtt fyrir árslok 2021

Öll seyra frá hreinsistöð endurnýtt fyrir árslok 2025“

5 BREYTING SKIPULAGS

5.1 Fyrirhuguð breyting á Aðalskipulagi Árborgar 2010-2030

Á skilgreindu iðnaðarsvæði s30 er gert ráð fyrir dælu- og hreinsistöð en svæðið verður stækkað til vesturs og opið svæði til sérstakra nota ú2 minnkar að sama skapi. Jafnframt verður gert ráð fyrir aðkomu að svæðinu til uppbyggingar, viðhalds og eftirlits, sem einnig mun nýtast sem hjóla- og gönguleið með bökkum Ölfusár.

Þá verða fyrirhugaðar lagnaleiðir að og frá hreinsistöðinni endurskoðaðar.

5.2 Fyrirhugað deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er til á svæðinu. Í nýju deiliskipulagi verður gerð grein fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum og settir fram skilmálar um landnotkun, byggingar og eftir atvikum um vernd náttúru- og menningarminja.

Byggingar

Fyrirhugað er að reisa tveggja þrepa fráveituhreinsistöð, sem þjóna mun þéttbýlinu á Selfossi.

Hreinsistöðin samanstendur m.a. af móttökubrunni með neyðaryfirfalli, grjótgildru, sveifluþró, dælurými, vinnslusal, starfsmannarými, töfluherbergi og útrennslisbrunni. Hönnun hreinsistöðvarinnar miðast við að þar verði hægt að koma fyrir lífsíu (e. biofilter) sem dregur úr lyktarmengun ef þörf krefur.

Stærð bygginga verður allt að 1000m² með allt að 8m mænishæð frá gólfplötu. Kjallarapró verður undir norðurhluta hússins. Reiknað er með að hreinsistöðin anni allt að 600 l/sek. Austan hreinsistöðvar er fyrirhuguð bygging aðstöðuhúss þjónustuaðila fyrir fráveituúrgang og vinnslu. Við hæðarsetningu húsa skal tekið mið af mögulegri flóðhæð vegna flóða úr Ölfusá.

Aðstaða fyrir þjónustuaðila

Austan hreinsistöðvar, þar sem fyrirhuguð er bygging aðstöðuhúss, er gert ráð fyrir plani með aðstöðu fyrir þjónustuaðila varðandi fráveituúrgang og vinnslu. Aðkoma að þjónustusvæði verður aðskilin aðkomu að hreinsistöð.

Varnargarður

Þar sem hætta getur verið á flóðum í Ölfusá verður byggður varnargarður, grjótvörn, norðan fyrirhugaðrar hreinsistöðvar.

Aðkoma

Aðkoma er frá Hagalæk. Vegur mun einnig nýtast sem göngu- og hjólaleið niður með Ölfusá.

Veitur / Iagnir

Hreinsistöðin mun tengjast inn á almenn veitukerfi s.s. rafveitukerfi Rarik. Neysluvatn, heitt og kalt kemur frá Selfossveitum.

Í vestur frá hreinsistöðinni verður lögð útrásarlögn sem liggja mun norður Geitanes og þar út í Ölfusá. Gerð hefur verið fráveitustofnlögn sem liggur frá Selfossbyggð norðan aðkomuvegar að skipulagssvæðinu. Núverandi útrásarlögn liggur í norður frá stofnlögninni, um landfyllingu norður af skipulagssvæðinu og út í Ölfusá. Sú lögn verður yfirfallslögn þegar hin nýja útrásarlögn um Geitanes hefur verið lögð. Nýja útrásarlögnin verður niðurgráfin eins og aðrar fráveitulagnir sem fyrir eru.

Minjar

Unnin hefur verið skráningu minja innan sveitarfélags og er aðalskráningu fornminja lokið. Byggðasafn Árnesinga heldur utan um skráningar.

Leyfismál

Leyfi sem framkvæmdin er háð:

Eftir atvikum getur framkvæmdin verið háð eftirfarandi leyfum:

- Framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar samkvæmt 13. gr. í skipulagslögum nr. 123/2010.

Sveitarstjórnir hafa jafnframt lögsögu innan netlaga sem eru 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði.

- Byggingarfulltrúar veita byggingarleyfi skv. 9. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010.
- Heilbrigðisnefnd veitir starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun skv. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerða nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- Starfsleyfi heilbrigðisnefndar samkvæmt 14. gr. reglugerðar 798/1999 um fráveitur og skólp.
- Fiskistofa veitir leyfi til framkvæmda sem geta haft áhrif á fiskgengd skv. 33. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.
- Ef hrófla þarf við fornleifum þarf samþykki Minjastofnunar Íslands samkvæmt 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Framkvæmdin er einnig háð ýmsum leyfum er snúa að verktökum, svo sem vegna aðbúnaðar á vinnustað, öryggismálum o.fl.

6 UMHVERFISSKÝRSLA. MATSLÝSING

Skv. lögum um umhverfismat áætlana (nr. 105/2006) ber að meta áhrif áætlunar sem marka stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br.

Framkvæmdin sem fyrirhuguð er á svæðinu fellur undir A flokk í 1. Viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 n.t.t. tölulið 11.04; „Skolphreinsivirki frá íbúðarbyggð eða iðnaði, þ.m.t. stöðvum með þaulnýtnum landbúnaði með afkastagetu sem svarar til 50.000 persónueininga eða meira“. Framkvæmdin hefur verið metin skv. mati á umhverfisáhrifum, sbr. frummatsskýrslu dags. 08.01.2020. Gerð verður grein fyrir niðurstöðum matsins en samhliða breytingu aðalskipulags og við gerð deiliskipulags verður unnin matslýsing fyrir skipulagsáætlunina.

Umhverfisskýrsla er verður unnin samhliða skipulagsgerð. Með því móti nýtist umhverfismatið best í þeim tilgangi að taka tillit til umhverfissjónarmiða og stuðla að óskertum eða bættum umhverfisgæðum fyrir þá sem nýta svæðin.

Umhverfisskýrslunni er ætlað að:

- Nýtast við ákvarðanatöku í skipulagsvinnunni.
- Upplýsa um möguleg umhverfisáhrif stefnunnar.
- Undirbyggja og rökstyðja ákvarðanatöku í skipulagsgerð.
- Aðstoða við val á milli skipulagskosta með samanburði á umhverfisáhrifum þeirra.

Í skipulagsgerðinni er umhverfismat áætlana jafnframt mikilvægt til að tryggja samræmi á milli stefnumiða í mismunandi málaflokkum skipulagsins og tryggja að umhverfismarkmiðum sveitarfélagsins sé haldið á lofti. Umhverfismatið verður sett fram í umhverfisskýrslu sem fylgir skipulagsgögnunum.

Í umhverfisskýrslu verða skoðuð áhrif á umhverfisþættina sem sýndir eru í töflu 1 og þeir metnir í samræmi við stefnuskjöl og viðmið. Í umhverfisskýrslu verða sett viðmið fyrir hvern umhverfisþátt. Viðmiðin verða sett með tilliti til laga og reglugerða, stefnuskjala sveitarfélagsins ásamt settum markmiðum sveitarfélagsins í samfélags- og umhverfismálum auk viðmiða í opinberum stefnuskjöllum og/eða alþjóðlegum skuldbindingum.

TAFLA 1 Umhverfispættir, helstu matsspurningar og viðmið.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING	VIÐMIÐ
Vatnsgæði viðtaka	<ul style="list-style-type: none"> Hver er styrkur efna í vatni (pH, leiðni, uppleyst næringarefni, aðalefni, snefilefni, lífrænt kolefni og hormón) ofan og neðan núverandi útrásar í Ölfusá? Hvaða áhrif hefur framkvæmdin, m.v. framlagða valkosti, á vatnsgæði viðtaka? 	<ul style="list-style-type: none"> Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999. Reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999. Lög um varnir gegn mengun hafss og stranda nr. 33/2004. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013. Lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.
Lífríki viðtaka	<ul style="list-style-type: none"> Hver er lífmassi blábaktería ofan og neðan núverandi útrásar í Ölfusá? Hver er samsetning, fjölbreytni, þéttleiki og lífmassi þörungna ofan og neðan núverandi útrásar í Ölfusá? Hvert er magn blaðgrænu ofan og neðan núverandi útrásar í Ölfusá? Hver er samsetning, fjölbreytni, þéttleiki og lífmassi hryggleysingja ofan og neðan núverandi útrásar í Ölfusá? Hver er lífmassi, fjölbreytni, þéttleiki og ástand laxfiskaseiða ofan og neðan núverandi útrásar í Ölfusá? Er magn hormóna (17-beta-östradiól og 17-alfa-etínýlöstradiól) meira neðan útrásar fráveitu en ofan hennar? Hver er styrkur ofangreindra hormóna í seiðum laxafiska úr Ölfusá, ofan og neðan fráveitu? Hvaða áhrif hefur framkvæmdin, m.v. framlagða valkosti, á lífríki viðtaka? 	<ul style="list-style-type: none"> Lög um náttúruvernd nr. 60/2013. Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999. Reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999. Lög um varnir gegn mengun hafss og stranda nr. 33/2004. Lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.
Lyktarmengun	<ul style="list-style-type: none"> Hvar má gera ráð fyrir að áhrifa lyktarmengunar gæti? Hverjir eru líklegir til að verða fyrir áhrifum af lyktarmengun? 	<ul style="list-style-type: none"> Reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs Reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði Reglugerð um meðhöndlun seyru nr. 799/1999.
Sjónræn áhrif	<ul style="list-style-type: none"> Hvaðan verða mannvirki og ummerki skólþrosunar sýnileg? Hverjir eru það sem helst munu sjá ummerki framkvæmdarinnar? 	<ul style="list-style-type: none"> Aðalskipulag Árborgar. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013: • • Við hönnun mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands.
Útivist	<ul style="list-style-type: none"> Hvaða útivist er helst stunduð við bakka Ölfusár og þá sérstaklega í grennd við hreinsistöð og útrásir? Hvaða áhrif hefur framkvæmdin á útivist fólks? 	<ul style="list-style-type: none"> Aðalskipulag Árborgar. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013. Reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999. Reglugerð um loftgæði nr. 787/1999.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING	VIÐMIÐ
Gróðurfar	<ul style="list-style-type: none"> Hvaða vistgerðir eru á áhrifsvæði framkvæmdarinnar? Hversu varanleg verða áhrif framkvæmdarinnar á gróður? Verða áhrif á vistkerfi sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd? Verða áhrif á bakkagróður sem skv. 62. gr. laga um náttúruvernd skal leitast við að viðhalda? Verða áhrif á skóga og kjarr sem njóta verndar skv. 6. og 7. gr. laga um skógrækt? Finnast sjaldgæfar tegundir, eða tegundir sem hafa verið friðlýstar eða settar á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands innan áhrifsvæðis framkvæmdarinnar? 	<ul style="list-style-type: none"> Válistar Náttúrufræðistofnunar Íslands yfir plöntur og háplöntur. Listi yfir 31 friðlýsta plöntu, sbr. auglýsingu nr. 184/1978. 1. og 2. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 um sérstaka vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja. 62. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 um vernd bakkagróðurs. 6. gr. laga um skógrækt nr. 3/1955. Samningur um líffræðilega fjölbreytni sem öðlaðist gildi á Íslandi 1994. Bernarsamningur um villtar plöntur og dýr og búsvæði þeirra í Evrópu. Ramsarsamningurinn um votlendi sem hefur alþjóðlegt verndargildi, einkum fyrir fugla. Áhrif á vistgerðir og búsvæði. Í stefnumörkun stjórnvalda til 2020 segir að viðhalda beri fjölbreytileika tegunda og vistgerða, og forðast eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilstærki. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 54 um vistgerðir á Íslandi.
Fuglalíf	<ul style="list-style-type: none"> Hvaða fuglategundir finnast á áhrifsvæði framkvæmdarinnar? Hver eru hugsanleg áhrif framkvæmdarinnar á fugla? Mun framkvæmdin hafa áhrif á stofnstærðir helstu fuglategunda á svæðinu? Hver eru hugsanleg áhrif framkvæmdarinnar á lykil- og ábyrgðartegundir fugla á áhrifsvæðinu? Hver eru hugsanlega áhrif framkvæmdarinnar á fugla á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands? 	<ul style="list-style-type: none"> Lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Náttúruverndaráætlun. Válistar Náttúrufræðistofnunar Íslands yfir fugla. SPEC-viðmið Alþjóða fuglaverndarsamtakanna, BirdLife International. Bernarsamningurinn um vernd villtra dýra, plantna og vistgerða í Evrópu. Náttúruminjaskrá. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013. Áhrif á vistgerðir og búsvæði. Í stefnumörkun stjórnvalda til 2020 segir að viðhalda beri fjölbreytileika tegunda. Reglugerð nr. 252/1996 um friðun tiltekinna villtra fuglategunda. Ramsarsamningurinn um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 55 um mikilvæg fuglasvæði á Íslandi.
Landnotkun og auðlindanýting	<ul style="list-style-type: none"> Hver er árleg stang- og netveiði í Ölfusá? Hver eru möguleg áhrif framkvæmdarinnar á veiðihagsmuni í Ölfusá? Hver eru áhrif valkosta á sölvatöku við ósa Ölfusár, sæeyraeldi á Eyrarbakka og möguleika til sjóbaða? 	<ul style="list-style-type: none"> Aðalskipulag Árborgar. Reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999. Reglugerð um baðstaði í náttúrunni nr. 460/2015. Reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.
Fornleifar	<ul style="list-style-type: none"> Eru þekktar fornleifar á áhrifsvæði framkvæmdarinnar? Stafar fornleifum hætta af fyrirhuguðum framkvæmdum? 	<ul style="list-style-type: none"> Lög um menningarminjar nr. 80/2012. Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar.

7 KYNNING OG SAMRÁÐ

Með kynningu skipulags- og matslýsingar þessarar er umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenn- ingi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið. Jafnframt er óskað samráðs við Skipulagsstofnun um umfang og áherslur við mat á umhverfisáhrifum.

Skipulags- og matslýsingin verður kynnt með auglýsingu í blöðum/dreifiritum og á vefsíðu Sveitarfélagsins Árborgar:

<http://www.arborg.is/ibuar/byggingamal-og-framkvaemdir/skipulagsbreytingar/>.

Einnig verður skipulagslýsingin aðgengileg á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa í Ráðhúsi Árborgar á Selfossi. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast skrifstofu sveitarfélagsins eða skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa, fyrir auglýstan tímafrest.

7.1 Umsagnaraðilar

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Minjastofnun Íslands
- Veðurstofan
- ISAVIA
- Aðliggjandi sveitarfélög

Eftir atvikum verður leitað eftir umsögnum annarra aðila, þ.á.m. innan stjórnarsýslu sveitarfélagsins og fagstofnana.

8 SKIPULAGSFERLI

Meðferð skipulags- og matslýsingar verður skv. skipulagslögum nr. 123/2010.

TAFLA 2 Drög að skipulagsferlinu ásamt tímasetningum, birt með fyrirvara um breytingar.

MÁNUÐUR	LÝSING
júlí / ágúst 2020	Skipulagslýsing tekin fyrir í skipulagsnefnd og send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum til umsagnar. Lýsingin verður jafnframt kynnt almenningi. Gefinn verður tveggja vikna frestur til að skila inn athugasemdum.
Sept./ okt.	Tillaga að aðalskipulagsbreytingu ásamt umhverfisskýrslu og deiliskipulag tekin til umfjöllunar í skipulagsnefnd, kynnt almenningi og lagðar fyrir sveitarstjórn í kjölfarið.
Okt./des.	Tillaga að aðalskipulagsbreytingu ásamt umhverfisskýrslu og deiliskipulag samþykkt til auglýsingar í sveitarstjórn og send Skipulagsstofnun, sem veitir heimild til auglýsingar, innan 4 vikna. Tillaga auglýst og send til umsagnaraðila. Gefinn verður sex vikna frestur til þess að skila inn athugasemdum.
Jan. /feb 2021	Tillaga að aðalskipulagsbreytingu ásamt umhverfisskýrslu og deiliskipulag afgreiddar í sveitarstjórn, að undangenginni umræðu skipulagsnefndar, með breytingum sem athugasemdir kunna að gefa tilefni til, og send Skipulagsstofnun.
mars 2021	Gildistaka aðalskipulagsbreytingar og deiliskipulags auglýst í B- deild Stjórnartíðinda.

9 HEIMILDARSKRÁ

Efla hf. (2020). *Hreinsistöð fráveitu á Selfossi, frummatsskýrsla.*

<https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/1488/201910003-Hreinsist%C3%B6%C3%B0%20Selfossi.pdf>

Skipulagsstofnun. (2020). *Landsskipulagsstefna 2015-2026.*

https://www.landsskipulag.is/media/pdf-skjol/Landsskipulagsstefna2015-2026_asamt_greinargerð.pdf

UMÍS ehf. Environice. (2020). *Umhverfisstefna Sveitarfélagsins Árborgar.*

https://ibuagatt.arborg.is/meetingsearch/displaydocument.aspx?itemid=kmwnPv8nnE5_rLESWJlyw&meetingid=056372695662593046521&filename=Umhverfisstefna%20%C3%81rborgar%2010.06.2020.pdf&cc=Document

Vinnustofan Þverá ehf. (2011). *Árborg aðalskipulag 2010-2030, skipulagssgreinargerð ásamt umhverfisskýrsla.*

<http://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=21634654207186624987>